

Fréttatilkynning.

Landbúnaðarháskóli Íslands – háskóli lífs og lands.

Um áramótin tók til starfa nýr háskóli, Landbúnaðarháskóli Íslands. Hann varð til við sameiningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Garðyrkjuskóla ríkisins.

Höfuðstöðvar Landbúnaðarháskólans eru á Hvanneyri í Borgarfirði og einnig er skólinn með starfsemi á Reykjum í Ölfusi og Keldnaholti í Reykjavík, auk minni starfsstöðva um landið. Nemendur skólans eru nú um 300 í tveimur háskóladeildum, auðlindadeild og umhverfisdeild og einni starfs- og endurmenntunardeild.

Með sameiningunni hefur myndast öflugur kjarni vísinda- og fræðimanna á sviði hagnýtra náttúruvísinda. Meginhlutverk hins nýja háskóla er að afla og miðla þekkingu um íslenska náttúru og nýtingu hennar. Um 130 starfsmenn koma að rannsóknum og kennslu.

Rektor háskólans er Ágúst Sigurðsson.